

Áætlanagerð deilda - Leiðbeiningar um skilgreiningu viðfangsefna, verkefna og árangursmælikvarða (mælanleg markmið)

Eftirfarandi eru leiðbeinandi tillögur að skilgreiningu deilda á **viðfangsefnum** sínum, **verkefnum** og **mælanlegum markmiðum** sem setja þarf fram í fjárhags- og framkvæmdaáætlun í deildaforriti á sjálfbóðaliðavefnum. Sýnt er hvernig viðfangsefnin og verkefnin tengjast stefnu félagsins.

Skilgreining á verkefni

Þegar deild skilgreinir verkefni sín í fjárhags- og framkvæmdaáætlun ber að hafa í huga að óþarfi er að skilgreina sem verkefni allt það sem deild fær við. Sem dæmi þarf ekki að tiltaka ýmis hefðbundin störf deildarstjórnar, s.s. áætlanagerð og stjórnar- og aðalfundi. Eins telst heldur ekki til verkefna ef um er að ræða einungis millifærslu á fjármagni, s.s. svörun neyðarbeiðna vegna hamfara erlendis.

Við skilgreiningu á verkefni er hægt að hafa að leiðarljósi að **verkefni felur í sér einhverja starfsemi hjá deild** sem er ætlað að skila skilgreindum árangri. Verkefni þarfnast yfirleitt sjálfbóðaliða til að annast framkvæmd þess og umsjónarmann til að halda utan um sjálfbóðaliðahóp.

Mælanleg markmið

Þær tillögur sem hér eru settar fram um mælanleg markmið byggjast á ákvæði í stefnu félagsins þar um. Neðangreindar tillögur eru leiðbeinandi og engan veginn tæmandi listi en gefa vísbendingar um hvernig markmiðin geta verið sett fram, eitt eða fleiri. Þess ber að geta að val á mælanlegum markmiðum getur verið vandasamt og krefst þess að íhugað sé hvort verið sé að mæla þætti sem skipta raunverulegu máli fyrir árangur verkefnisins. Við val á mælanlegum markmiðum er því vert að hafa í huga:

Hvaða þörf ætlar deildin að mæta?

Hverju vill deildin ná fram með verkefninu?

Mælanleg markmið eiga að gagnast sem efniviður í ársskýrslugerð til þess að meta hvernig til tókst með framkvæmd verkefnisins. Mælanleg markmið eru aftur á móti sjaldan nægjanleg ein og sér til þess að segja til um hvort raunveruleg þörf er fyrir verkefnið eða ekki, heldur þarf til þess framkvæmd þarfagreiningar og reglubundið endurmat verkefna (s.s. samkvæmt matsblaði fyrir verkefni deilda) til að meta hvort verkefni er að skila tilskildum árangri og mæta brýnni þörf.

1. kafli stefnu félagsins:

Neyðaraðstoð vegna áfalla og hamfara

Rauði krossinn var stofnaður til að bregðast við neyð og er það stærsta verkefni hreyfingarinnar. Rauði krossinn hefur mikla reynslu af því að bregðast skjótt við skyndilegri neyð með aðstoð við þolendur hamfara og áfalla bæði innanlands og á alþjóðavettvangi. Brugðist er við með fjárframlögum en þó fyrst og fremst með mannafla.

Tilvísun í stefnu (lykilþáttur):

1.1 Neyðaraðstoð innanlands

Rauði krossinn leggur ríka áherslu á viðbrögð og viðbúnað við tímabundinni neyð. Rauði krossinn tryggir öflugar neyðarvarnir og neyðaraðstoð á Íslandi og er mikilvægur hlekkur í almannavörnum landsins. Jafnframt tekur félagið virkan þátt í skipulagningu og framkvæmd sálræns stuðnings hérlandis. Viðbragðsgetan byggir á neti deilda og vel þjálfuðum sjálfböðaliðum um land allt.

Viðfangsefni: Neyðarvarnir

Meginmarkmið: Öflugar neyðarvarnir

Verkefni:

1. Uppfæra neyðarvarnaráætlun

Mælanleg markmið:

- Upplýsingar í neyðarvarnaráætlun deildarinnar séu 100% réttar

2. Fundur með fjöldahjálparstjórum og stuðningsliði

Mælanleg markmið:

- 80% fjöldahjálparstjóra og stuðningsliðs þekki hlutverk sín í neyðarvörnum

3. Fjöldahjálparstjóranámskeið

Mælanleg markmið:

- 80% þátttakenda á námskeiðinu séu ánægðir með námskeiðið
- 90% þátttakenda séu meðvitaðri um hlutverk fjöldahjálparstjóra eftir námskeiðið en fyrir

4. Úttekt og skipulagning fjöldahjálparstöðva

Mælanleg markmið:

- Búnaður til opunar fjöldahjálpastöðva sé í 100% lagi

5. Æfingar/Skyndihjálparhópur sem vinnur að neyðarvörnum

Mælanleg markmið:

Febrúar 2016

- 90% hópsins hefur sótt æfingu eða námskeið á síðustu tveimur árum
- Sjálfboðaliðavelta sé undir 15%
- 80% sjálfboðaliða í hópnum séu ánægðir með verkefnið

6. Viðbragðshópur vegna óvæntra áfalla

Mælanleg markmið:

- Brugðist sé samstundis við útkalli og mætt innan 20 mínútna á slysstað (á sérstaklega við um höfuðborgarsvæðið og Akureyri)
- Sjálfboðaliðavelta sé undir 15%
- 80% sjálfboðaliða í hópnum séu ánægðir í verkefninu
- Samstarfsaðilar okkar séu 100% ánægðir með störf hópsins

7. Útköll

Mælanleg markmið:

- Brugðist sé samstundis við útkalli
- Samstarfsaðilar okkar séu 100% ánægðir með störf hópsins

Viðfangsefni: Hjálparsíminn 1717 (Reykjavík- og Akureyrardeild)

Meginmarkmið: Vera alltaf til staðar fyrir þá sem þurfa að ræða sín hjartans mál í trúnaði og gegna hlutverki upplýsingasíma á neyðartímum

Verkefni:

1. Þjálfun sjálfboðaliða og utanumhald

Mælanleg markmið:

- Tryggt sé að a.m.k. „x fjöldi“ sjálfboðaliðar séu virkir
- Sjálfboðaliðavelta sé undir x%

2. Halda reglulega þemavikur

Mælanleg markmið:

- Að hringingum fjölgi um x% í þemavikunni
- A.m.k. x% landsmanna hafi orðið varir við þemavikuna og skilaboð hennar

Viðfangsefni: Neyðaraðstoð innanlands samkvæmt verklagsreglum

Meginmarkmið: Veita neyðaraðstoð innanlands sem fellur utan almannavarnaskipulags

Verkefni:

1. Fataúthlutun

Mælanleg markmið:

- 100% þeirra sem biðja um fatnað fái úrlausn mála samkvæmt verklagsreglum
- 80% sjálfboðaliða séu ánægðir í verkefninu

Febrúar 2016

2. Neyðaraðstoð til einstaklinga - jólaaðstoð

Mælanleg markmið:

- Deildin afli sjálf a.m.k. 80% þess fjármagns sem til úthlutunar er veitt hverju sinni
 - 80% sjálfboðaliða séu ánægðir í verkefninu
-

Tilvísun í stefnu (lykilþáttur):

1.2 Að efla getu til að takast á við áföll

Mikilvægt verkefni Rauða krossins er að efla einstaklinga og samfélög til að takast á við skyndileg áföll. Skipulag og þjálfun sjálfboðaliða er þar mikilvægur þáttur.

Viðfangsefni: Skyndihjálp

Meginmarkmið: Efla einstaklinga og samfélög til að takast á við skyndileg áföll

Verkefni:

1. Skyndihjálparnámskeið fyrir fyrirtæki, stofnanir, almenning og sjálfboðaliða

Mælanleg markmið:

- Geta sinnt öllum beiðnum frá fyrirtækjum og stofnunum sem óska eftir námskeiði
- A.m.k. 80% þátttakenda séu ánægðir með námskeiðið

2. Námskeið fyrir almenning og sjálfboðaliða í sálrænum stuðningi/Slys og veikindi barna/Börn og umhverfi

Mælanleg markmið:

- A.m.k. 80% þátttakenda séu ánægðir með námskeiðin

3. 112 dagurinn

Mælanleg markmið:

- Deildin taki þátt í deginum og kynni skyndihjálp fyrir íbúum á starfssvæði sínu

Viðfangsefni: Skaðaminnkun

Meginmarkmið: Draga úr skaðsemi lifnaðarháttanna jaðarhópa.

Verkefni:

1. Frú Ragnheiður, sjúkrabíll sem sinnir utangarðsfólki og fíklum (Reykjavíkureild)

Mælanleg markmið:

- Ná til x% fleiri af þeim sem þurfa á aðstoð að halda
- Tryggt sé að a.m.k. „x fjöldi“ sjálfboðaliðar séu virkir
- 80% sjálfboðaliða séu ánægðir í verkefninu

Febrúar 2016

2. kafli stefnu félagsins: Mannúð og félagslegt öryggi

Rauða krossinum er annt um þá sem eru félagslega berskjaldaðir, starfar með þeim og fyrir þá. Sú sérstaða félagsins þarf að vera öllum ljós. Rauði krossinn vinnur að því að efla samstarf við aðrar hjálparstofnanir og stjórnvöld með það að markmiði að þeir sem höllum fæti standa fái sem bestan stuðning.

Tilvísun í stefnu (lykilþáttur):

2.1 Félagslegt öryggi

Rauði krossinn vinnur markvisst að því að auka félagslegt öryggi berskjaldaðra út frá grundvallarmarkmiðum hreyfingarinnar. Félagið fylgist reglulega með hvaða samfélagshópar eru berskjaldaðir.

Viðfangsefni: Félagsleg verkefni

Meginmarkmið: Auka félagslegt öryggi berskjaldaðra

Verkefni:

1. Heimsóknir og afþreying gegn félagslegri einangrun

Undir þennan lið falla heimsóknir á einkaheimili, stofnanir/athvörf, til fanga, hælisleitenda, hundaheimsóknir, ökuvinir, söngstundir, o.s.frv.

Mælanleg markmið:

- Deildin geti brugðist við beiðnum um heimsóknavin innan eins mánaðar
- A.m.k. 80% þátttakenda séu ánægðir með undirbúningsnámskeiðin fyrir sjálfboðaliða
- A.m.k. 90% gestgjafa séu ánægðir með þjónustuna
- A.m.k. 90% heimsóknavina séu ánægðir í starfi sínu
- Sjálfboðaliðaveltan í verkefninu sé lægri en x%
- Að lágmarki „x-fjöldi“ einstaklingar (eða hlutfall vistmanna) taki þátt í söngstundum/dansleikjum/bingó, annars sé ekki þörf fyrir verkefnið

2. Fjölmennningarverkefni

Undir þennan lið falla félagsvinaverkefni í þágu innflytjenda, alþjóðlegir foreldrar, fjölpjóðlegir kvannahópar, heimanámsaðstoð, íslenskuæfingar/málörvun o.s.frv.

Mælanleg markmið:

- A.m.k. 80% þátttakenda séu ánægðir með þjónustuna
- A.m.k. 80% sjálfboðaliða séu ánægðir í verkefninu
- Sjálfboðaliðavelta sé minni en x%
- Brugðist sé við beiðnum um félagsvin innan eins mánaðar
- Að lágmarki „x-fjöldi“ einstaklingar nýti sér stuðninginn
- Að lágmarki „x-fjöldi“ sjálfboðaliðar taki þátt í verkefninu

Febrúar 2016

Tilvísun í stefnu (lykilþáttur):

2.2 Málsvarastarf

Mikilvægur þáttur í starfi Rauða krossins er að tala máli mannúðar. Genfarsamningarnir eru þar grundvallaratriði sem Rauða krossinum ber að fylgja eftir gagnvart íslenskum stjórnvöldum. Rauði krossinn vinnur einnig að því að draga úr fordómum með fræðslu og virkri umræðu.

Viðfangsefni: Fordómafræðsla

Meginmarkmið: Draga úr fordómum með fræðslu og virkri umræðu

Verkefni:

1. Flóttaleikur (Reykjavíkurdæld)

Mælanleg markmið:

- A.m.k. 90% þátttakenda í leiknum segjast vera meira meðvitaðir um stöðu flóttamanna eftir leikinn
- A.m.k. 80% þátttakenda séu ánægð með leikinn

Tilvísun í stefnu (lykilþáttur):

2.3 Langtímaverkefni í alþjóðlegu hjálparstarfi

Meginverkefni Rauða krossins á alþjóðavettvangi miða að því að styðja til sjálfshjálpar fólk sem býr við örbirgð. Sérstök áhersla er lögð á að vinna gegn sjúkdómum, s.s. alnæmi, og milda afleiðingar stríðsátaka, einkum gagnvart börnum og ungmennum. Rauði krossinn leggur einnig mikla áherslu á að draga úr óæskilegum afleiðingum loftslagsbreytinga.

Viðfangsefni: Hjálparstarf

Meginmarkmið: Styðja fólk sem býr við örbirgð til sjálfshjálpar

Verkefni:

1. Föt sem framlag

Mælanleg markmið:

- A.m.k. 80% sjálfboðaliða séu ánægðir í verkefninu
- ATH. óþarft er að setja markmið um ákveðið magn framleiðslu

2. Vinaverkefni/Þróunarsamvinna

Mælanleg markmið:

- Að lágmarki „x-fjöldi“ sjálfboðaliðar taki þátt í verkefninu
- A.m.k. 80% sjálfboðaliða séu ánægðir í verkefninu
- Deildin safni sjálf að lágmarki 50% þeirrar upphæðar sem hún setur í vinaverkefni

3. kafli stefnu félagsins:

Öflugt og vel starfandi Rauðakrossfélag

Rauði krossinn á Íslandi er eitt félag og starfar sem ein heild. Styrkur félagsins byggir á að eining ríki um markmið og verkefni þess. Jafnrétti er haft að leiðarljósi í öllu starfi Rauða krossins. Lögð er áhersla á skilvirkni og vinnulag sem tekur mið af tekjum félagsins. Endurskoða þarf starfsemina reglulega þannig að styrkleikar Rauða krossins nýtist sem best.

Tilvísun í stefnu (lykilþáttur):

3.1 Mannauður

Árangur Rauða krossins byggir á hæfum og vel þjálfuðum sjálfbóaliðum og starfsfólki sem starfar eftir leiðarljósi og siðareglum félagsins. Sjálfbóaliðar á öllum aldri og úr mismunandi samfélagshópum eru lykillinn að árangri Rauða krossins.

Viðfangsefni: Fræðsla og kynningar

Meginmarkmið: Efla og breiða út hugsjónir Rauða krossins

Verkefni:

1. Rauðakrossvikan

Mælanleg markmið:

- Deildin taki þátt í vikunni og kynni starfsemi félagsins fyrir íbúum á starfssvæði sínu
- A.m.k. „x fjöldi“ nýir sjálfbóaliðar gangi til liðs við deildina (ef markmiðið er að safna sjálfbóaliðum)
- A.m.k. x% fjölgun félaga í deildinni (ef markmiðið er að fjölga félagsmönnum)

2. Fræðsla

Undir það fellur fræðsla og kynning í skólum, félagasamtökum og stofnunum, dreifi- og fréttabréf o.s.frv.

Mælanleg markmið:

- A.m.k. „x- fjöldi“ sjálfbóaliðar taki að sér kynningu og fræðslu

Viðfangsefni: Ungmennastarf

Meginmarkmið: Virkja ungt fólk til starfa og breiða út hugsjónir Rauða krossins

Verkefni:

1. Ungmennahópar sem hittast reglulega

Mælanleg markmið:

- A.m.k. 80% þátttakenda séu ánægðir með starfið
- A.m.k. 80% þátttakenda þekki hugsjónir Rauða krossins og viti hvað þær þýða

2. Áfangar í framhaldsskólum

Mælanleg markmið:

- A.m.k. 80% ánægja framhaldsskólanemenda sem taka þátt
- A.m.k. 10% þátttakenda haldi áfram að starfa með Rauða krossinum í framhaldi af áfanganum

3. Virkja ungmenni í skólum, félagsmiðstöðvum og á öðrum vettvangi til þátttöku í verkefnum félagsins

Mælanleg markmið:

- A.m.k. 80% þátttakenda séu ánægðir með þátttöku sína

Tilvísun í stefnu (lykilþáttur):

3.4 Fjáröflun og meðferð fjármagns

Rauði krossinn á Íslandi leggur aukna áherslu á eigin fjáröflun og að sjálfbóðaliðar séu virkir í því starfi. Á hverjum tíma þarf að velja verkefni í samræmi við stefnu, starfshætti og fjármagn Rauða krossins.

Viðfangsefni: Fjáröflun

Meginmarkmið: Öflug fjáröflun

Verkefni:

1. Göngum til góðs

Mælanleg markmið:

- Að ganga í öll hús í þéttbýli á starfssvæði deildarinnar

2. Fatasöfnun

Mælanleg markmið:

- Að safna a.m.k. sama magni og á síðasta ári
- Að „x-fjöldi“ sjálfbóðaliðar séu virkir í verkefninu

Febrúar 2016

3. Fatasala

Mælanleg markmið:

- Auka tekjur af fatasölu um x% miðað við fyrra ár
- Að „x-fjöldi“ sjálfboðaliðar séu virkir í verkefninu
- Sjálfboðaliðavelta sé minni en x% miðað við fyrra ár

4. Tombólubörn

Mælanleg markmið:

- Að ávallt sé farið eftir leiðbeiningum um móttöku tombólubarna

5. Sala á vörum

Undir það fellur sala á ýmsum vörum, nytjamaðir, kaffisala o.s.frv.

Mælanleg markmið:

- Auka tekjur af söluvarningi og mörkuðum um x% frá fyrra ári

6. Öflun styrkja

Mælanleg markmið:

- Styrkir séu x% af tekjum deildarinnar
- Safnað verði að lágmarki x krónum
- Safna fyrir 80% af kostnaði[ákveðins verkefnis]
- Safna fyrir 100% af framlagi deildar vegna jólaaðstoðar